

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1063**

2022/EES/72/77

frá 13. júlí 2020

**um að veita heitinu „Achterhoek – Winterswijk“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðs-kerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 99. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Holland sendi um skráningu heitisins „Achterhoek – Winterswijk“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽²⁾.
- 2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
- 3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Achterhoek – Winterswijk“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Achterhoek – Winterswijk“ (VUT) er hér með veitt vernd.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**Fyrir hönd forsetans,*

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 232, 20.7.2020, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 94, 23.3.2020, bls. 4.